



Úrskurðarnefnd
umhverfis- og auðlindamála

Atvinnuveganefnd Alþingis
B.t. skrifstofu Alþingis, nefndasviðs
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Mál nr. 46, 54, 95 og 96/2016

Reykjavík, 27. september 2016

Efni: Svar við erindi atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 27. september 2016

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur borist erindi atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 27. september 2016. Þar er óskað upplýsinga um hvenær megi vænta úrskurða úrskurðarnefndarinnar í kærumálum vegna framkvæmdaleyfa sem veitt hafa verið fyrir Kröflulínu 4 og Þeistareykjalínu 1, en atvinnuveganefnd hefur nú til umfjöllunar frumvarp til laga um heimild til handa Landsneti hf. til að reisa og reka 220 kV raflínur frá Kröflustöð að Þeistareykjavirkjun og að iðnaðarsvæðinu á Bakka í Norðurþingi.

Svo sem fram kemur í nefndu frumvarpi hefur úrskurðarnefndin stefnt að því að úrskurða í október 2016 í þeim fjórum kærumálum sem hér um ræðir. Kærumálin eru enn til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni og hefur þeim verið veittur forgangur í ljósi þess að framkvæmdir á grundvelli þriggja þeirra leyfa sem kærð eru hafa verið stöðvaðar í heild eða að hluta. Það er erfitt að gefa nákvæmari upplýsingar um tímasetningu. Úrskurðir gætu þó verið upp kveðnir í vikunni 10.-14. október, en á það skal bent að uppkvaðning getur eftir atvikum dregist.

Virðingarfyllt,

Nanna Magnadóttir
Formaður